

**296. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,  
mánudaginn 6. maí 2024 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Guðmundur Ingþór Guðjónsson formaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Ragnar B. Sæmundsson varamaður, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi og Lárus Ársælsson umhverfisstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Halla Marta Árnadóttir, skipulagsfulltrúi.

**Fyrir tekið:**

**1. 2405016 - Ægisbraut 1-7 - skipulag lóðar**

Erindi frá lóðarhafa X10 ehf. um breytingar á lóð Ægisbraut 1-7. Eigendur ásamt ASK Arkitektum fara yfir hugmyndir að íbúðauppbyggingu á lóðinni.

Eftirtaldir gestir sátu fundinn:

Bæjarfulltrúarnir: Valgarður Lyngdal Jónsson, Einar Brandsson, Kristinn Hallur Sveinsson, Jónína M. Sigmundsdóttir.

Fulltrúar lóðarhafa: Kristmundur Einarsson og Hrafn Einarsson og frá Ask arkitektum Guðrún Ragna Yngvadóttir og Ásta Berit Malmquist.

Auk þess sat Haraldur Benediktsson bæjarstjóri fundinn.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar fyrir góða kynningu.*

*Gestir víkja af fundi.*

**2. 2304154 - Deiliskipulag Jaðarsbakkar og frumhönnun**

Farið yfir ályktun og afstöðu stjórnar KFÍA varðandi skipulag á Jaðarsbökkum dagsett 2. maí. Undir þessu dagskrá sátu Guðmunda Ólafsdóttir, Heiðar Mar Björnsson, Eggert Hjelm Herbertsson. Einnig sátu fundinn í gegnum fjarfund Hrólfur Karl Cela og Perla Dís Kristinsdóttir.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar fulltrúum KFÍA og ÍA fyrir komuna á fundinn.*

*Gestir víkja af fundi.*

**3. 2309261 - Jaðarsbakkar - lóðahönnun**

Tilboð í útboðsverkið lóðarfrágang í kringum íþróttahúsið á Jaðarsbökkum og tengingar yfir Innesveg, opnuð 30. apríl 2024. Opnunarskýrsla tilboða lögð fram.

Eftir yfirferð tilboða og leiðréttингar eru gild tilboð eftirfarandi:

Fagurverk ehf: 240.754.200 kr.

Stéttafélagið ehf: 321.146.900 kr.

E. Sigurðsson ehf: 417.687.340 kr.

Kostnaðaráætlun verksins er 269.574.600 kr.

*Skipulags- og umhverfisráð felur sviðstjóra að ganga til samninga við lægstbjóðanda, Fagurverk ehf., með fyrirvara um hæfi bjóðanda.*

**4. 2401389 - Úrgangspjónusta - Útboð 2024-2030**

Lögð fram umsögn um tilboð í verkið, þar sem lagt er til að semja við Terru ehf.

*Skipulags- og umhverfisráð felur sviðstjóra að ganga til samninga við lægstdbjóðanda, Terru umhverfispjónustu ehf., um úrgangspjónustu til næstu 6 ára.*

**5. 2309022 - Íþróttahúsið Vesturgötu - loftgæði**

Málið var tekið fyrir 24. apríl sl. í skóla- og frístundaráði, sem vísaði málinu áfram til skipulags- og umhverfisráðs.

Bókun skóla- og frístundaráðs er eftirfarandi: Skóla- og frístundaráð leggur áherslu á mikilvægi þess að hreinsunarstarfi í keilusalnum ljúki sem allra fyrst. Sviðsstjóra, forstöðumannni íþróttamannvirkja og rekstarstjóra er falið að vinna málið áfram í samstarfi við stjórni Keilufélags Akraness. Jafnframt vísar skóla- og frístundaráð málinu til umfjöllunar í skipulags- og umhverfisráð til nánari útfærslu á verk- og tímaáætlun á fyrirhuguðum endurbótum á rými keilusalarins.

*Skipulag- og umhverfisráð felur rekstarstjóra og formanni skipulags- og umhverfisráðs að funda með formanni keilufélagsins um framgang málins.*

**6. 2403126 - Breyting á deiliskipulagi Akratorgsreit - Laugabraut 20**

Kynningarfundur vegna breytinga á deiliskipulagi Akratorgsreits vegna Laugarbrautar 20, Teigasels, fór fram 2. maí á Dalbraut 4.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagið verði auglýst skv. 1.mgr. 43.gr. og 41. gr. skipulagsлага nr.123/2010.*

**7. 2301147 - Deiliskipulagsrammi Smiðjuvellir**

Deiliskipulagsrammi vegna breytinga á deiliskipulagi Smiðjuvalla, deiliskipulagsrammi inniheldur stefnumörkun Akraneskaupstaðar um þróun svæðisins til langs tíma.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að bæjarstjórn samþykki fyrirliggjandi deiliskipulagsramma fyrir Smiðjuvelli um stefnumörkun um svæðið.*

**8. 2301057 - Aðalskipulag breyting - Þróunarsvæði Smiðjuvellir**

Breyting vegna þróunarsvæðis C samkvæmt Aðalskipulagi Akraness 2021-2033. Skipulagssvæðið Þróunarsvæði C er skilgreint Smiðjuvallasvæðið norðan Esjubrautar og vestan þjóðbrautar. Markmið skipulagslysingar verður að skoða möguleika á þétri, blandaðri byggð íbúða og atvinnustarfsemi. Málið hefur hlotið málsmeðferð skv. 31. gr. skipulagsлага nr. 123/2010

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að aðalskipulagsbreyting verði auglýst skv. 31. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.*

**9. 24042348 - Garðavöllur - stækkan á landssvæði**

Á fundi bæjarráðs þann 26. apríl 2024 vísaði ráðið erindi Golfklúbbsins Leynis til stjórnsýslulegrar meðferðar hjá skipulags- og umhverfisráði.

*Skipulags- og umhverfisráð felur skipulagsfulltrúa og sviðstjóra taka saman*

tölulegar upplýsingar og frekari úrvinnslu málsins.

**10. 2405023 - Skógarlundur 4 - umsókn til skipulagsfulltrúa**

Umsókn um breytingu á deiliskipulagi Skógarhverfi 3A unnin af Nordic fyrir lóðarhafa Skógarlundi 4. breytingin felst í hækka nýtingarhlutfall á lóð úr 0.39 í 0.48. Breytingin kemur til vegna stækkun kjallara um 68 fm.

Mál lagt fram og afgreiðslu frestað.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 22:00.

Göðuður  
Anna Sóley Þ Smáradóttir  
Reynir Þorvaldsson